



## Reglur fyrir Tónlistarskóla Skagafjarðar

### 1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Skagafjarðar og er í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, með síðari breytingum.

### 2. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Skagafirði. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná m.a. með því að;

- annast kennslu í hljóðfæraleik ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrá tónlistarskóla og/eða í fjárhagsáætlun Skagafjarðar.
- búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
- leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.
- búa nemendur undir framhaldsnám í tónlist.

### 3. gr.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs ræður skólastjóra Tónlistarskóla Skagafjarðar í samráði við sveitarstjóra sbr. 51. gr. Samþykkt um stjórn Skagafjarðar.

### 5. gr.

Kennarafundur er skólastjórnendum til ráðgjafar um starf skólans. Kennarafundi skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju skólaári. Skólastjóri skal hafa forgöngu um að stofnað sé þriggja manna foreldraráð við skólann. Foreldraráð er stjórnendum til ráðgjafar í stefnumótun og umfangsmiklum áformum um breytingar á skipulagi skólans. Foreldraráð kys sér formann úr sínum hópi. Skólastjóri og formaður foreldraráðs hafa rétt til setu sem áheyrnarfulltrúar í fræðslunefnd með málfrelsi og tillögurétt undir dagskrárliðum sem snerta tónlistarskólann.

### 6. gr.

Stofna má foreldrafélag við skólann. Á sama hátt má stofna nemendafélag sem getur myndað nemendaráð. Skólastjóri getur kallað til fulltrúa foreldrafélags og nemendaráðs til ráðgjafar og stefnumótunar eftir því sem þurfa þykir.

### 7. gr.

Starfstími Tónlistarskólans skal fylgja skóladagatali grunnskóla á starfssvæði sínu eftir því sem við verður komið. Leyfi yfir starfstímann, viðverutími starfsmanna og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi.

### 8. gr.

Skólastjóri setur skólanum skólanámskrá að fenginni umsögn kennarafundar og foreldraráðs. Skólanámskrá kveður m.a. á um ástundun, árangur, réttindi, skyldur og umgengni nemenda. Skólanámskrá skal lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar.



9. gr.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra gæðamats skólans í samráði við fræðslustjóra og fylgir eftir umbótaáætlun í kjölfar þess. Fræðsluþjónusta Skagafjarðar hefur umsjón með ytra gæðamati Tónlistarskólans og fylgir eftir umbótaáætlun í kjölfar þess.

10. gr.

Rekstur skólans skal fjármagnaður með fjárveitingum í fjárhagsáætlunum Skagafjarðar og skólagjöldum nemenda. Skólagjöld eru ákveðin af sveitarstjórn að fengnum tillögum frá fræðslunefnd Skagafjarðar.

11. gr.

Geti Tónlistarskólinn ekki sinnt kennslu nemenda sem komnir eru á miðstigi í hljóðfæranámi getur fræðslunefnd ákveðið að kaupa kennslu frá öðrum tónlistarskólum allt að sex sinnum yfir skólaárið. Ákvörðun fræðslunefndar skal bókuð í trúnaðarbók.

12. gr.

Nemandi sem stundar nám á miðstigi í framhaldsskóla í öðru sveitarfélagi en Skagafirði getur sótt um að Skagafjörður greiði hluta sveitarfélags í kennslukostnaði. Umsóknir þar um skulu berast fræðslunefnd skriflega og skal ákvörðun nefndarinnar færð í trúnaðarbók. Sótt skal um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þessa sbr. 7. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda frá 31. ágúst 2016.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2023.

Samþykkt í fræðslunefnd 1. nóvember 2022 og staðfest í sveitarstjórn 14. desember 2022

Málsnr. 2208294